

1871.

6. nóvbr.

gripasýning þeirri fyrir Norðurlönd, sem á að halda í Kaupmannahöfn árið 1872, og sent hingað bænarskrá, þar sem formaður þeirrar nefndar, sem að tilhlutun yðar er sett í suðuramtinu yður til aðstoðar í þessu máli, sækir um, að nefndinni verði fengið nokkuð fê til að borga kostnaðinn við að búa um hluti þá, sem sendir verða til gripasýningarinnar, flutningskaup, og fl.; hafið þér jafnframt lagt það til, að stiptamtinu verði veitt heimild til að verja allt að 500 rd. af því fê, sem veitt er í fjárhagsáætlun Íslands 4. marz þ. á. 11. gr., til að efla hluttekning Íslands í gripasýningunni, þannig, að þessari upphæð verði skipt milli umdæmanna eptir því, sem yður sýnist, til að styðja þetta málefni og standast kostnaðinn, sem rís af þessu.

Um leið og vèr veitum yður heimild til þess, væntum vèr að fá reikning um, hvernig fênu hefir verið varið, og höfum vèr í dag skrifað landfógeta að borga yður fêð úr jarðabókarsjóði Íslands, þegar þér gjörið tilkall til þess.

28. nóvbr.

101. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um kúgildi á klausturjörðu.

Með bréfi 8. septbr. þ. á. hafið þér, herra stiptamtmaður, sent hingað skjal nokkurt, þar sem umboðsmaður Kirkjubæjar- og

þátt í gripasýning þeirri frá Norðurlöndum, sem á að halda í Kaupmannahöfn 1872, höfum vèr fengið skýrslu frá stiptamtmannum, og samkvæmt henni er nú sett nefnd í Reykjavík fyrir suðuramtíð, og eru í þeirri nefnd assessor í landsyfírrættinum, Magnús Stephensen, formaður, kaupmennirnir: O. P. Möller og H. A. Thomsen í Reykjavík, og Guðmundur Thorgrimsen á Eyrarbakka, prófastur Þórarinn Böðvarsson í Görðum og Kristinn bóndi Magnússon í Engey, en fyrir vesturamtíð eru tvær nefndir, önnur í Stykkishólmi og hin á Ísafirði, í þeirri hinni fyrri er amtmaður sjálfur, umboðsmaður Árni Thorlacius og verzlunarstjóri Páll Hjaltalín, og í hinni sýslumaður og bæjarfógeti Stefán Bjarnarson, héraðslæknir Þorvaldur Jónsson og verzlunarstjóri M. P. Riis. Frá amtmannum í norður- og austurumdæminu var ekki komin nein skýrsla um framkvæmdir hans í þessu máli.

Þetta undanfellum vèr ekki að tilkynna forstöðunefndinni.

1871.

28. nóvbr.

Þykkvabæjar klausturs hefir skýrt frá, að landsetinn, sem var á hálfum Norðurfossi, sem er klausturjörð, Ásgeir Eyjólfsson, hafi skorazt undan, þá er hann fór frá jörðunni, að skila með henni kúgildi, eins og hann hefir átt að skuldbinda sig til í byggingarbræfi 13. júní 1844; segist hann hvorki hafa tekið við þessu kúgildi, eða nokkurn tíma skrifað undir byggingarbréfið, en jatar, að sèr hafi verið fengnar 4 ær, sem eru samsvarandi $\frac{2}{3}$ pörtum eins kúgildis. Jafnframt þessu hafið þèr, herra stiptamtmaður, stungið uppá, að sætzt verði á málið þannig, að tekið verði við því boði hlutaðeiganda, að láta af hendi $4\frac{1}{2}$ á eða $\frac{3}{4}$ parta af kúgildi, með því líkindi eru til, eptir vitnisburði hlutaðeiganda hreppstjóra, sem var við úttektina svo sem hreppstjóri, þá er jörðin var fengin Ásgeiri Eyjólfssyni, og annars manns, að Ásgeir hafi ekki tekið við tæðu kúgildi, og að auki hefir smjörleigan ávallt verið goldin eptir $\frac{3}{4}$ parta af kúgildi, eins og af hinum helmingi jarðarinnar.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þèr birtið það, að stjórnarráðið eptir því, sem fram er komið, hefir ekki neitt ámóti því, að gjört verði út um þetta mál eins og þèr hafið stungið uppá.

102. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um þóknun fyrir jarðabætur á klausturjörðu.

28. nóvbr.

Með bræfi 15. septbr. þ. á. hafið þèr, herra stiptamtmaður, sent hingað skoðunargjörð um garð, sem leiguliðinn á $\frac{1}{2}$ Staðarholti, er heyrir undir Þykkvabæjar klausturs góz, hefir hlaðið upp um túnið þar, 227 faðma á lengd, og samkvæmt tilmælum hlutaðeiganda umboðsmanns mælt með því, að leiguliða þessum, Páli Ingimundarsyni, verði gefin upp eins árs landskuld og leiga, svo sem þóknun fyrir jarðabætur þær, sem hann með þessu móti hefir gjört.